

Framvinduskýrsla

Græn skuldabréf 2025



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Efnisyfirlit

Takmörkuð staðfesting óháðs endurskoðanda.....	3
Formáli.....	5
Flokkunarkerfi sjálfbærra fjárfestinga.....	6
Útgáfa grænna skuldabréfa	6
LSS 40GB.....	6
LSB 29GB	7
Aðrar grænar lánveitingar.....	7
Fjármögnuð verkefni.....	7
Jarðvarmavirkjanir.....	7
Viðauki I	8

Takmörkuð staðfesting óháðs endurskoðanda

Takmörkuð staðfesting óháðs endurskoðanda til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. (LS) vegna framvinduskýrslu vegna grænna skuldabréfa LS fyrir árið 2025 með takmarkaðri vissu um að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem Lánasjóðurinn gefur út byggji á viðeigandi upplýsingum hvað varðar fjárhæð lántöku og ráðstöfun lánveitinga í samræmi við samþykktu umgjörð Lánasjóðsins um græn verkefni.

Niðurstaða

Við höfum yfirfarið ráðstöfun LS í lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2025 og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggji á réttum upplýsingum hvað varðar fjárhæð lántöku og lánveitinga í viðeigandi græn verkefni samkvæmt grænni umgjörð LS, eins og lýst er á bls. 6 - 8 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa Lánasjóðsins. Yfirferð okkar nær ekki til annarra upplýsingar í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa en þeirra sem að ofan greinir og eru á bls. 6 - 8 og við staðfestum þær á ekki á neinn hátt. Byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að lánveitingar til grænna verkefna séu ekki í öllum meginatriðum í samræmi við græna umgjörð LS sem birt er á heimasíðu Lánasjóðsins og að framvinduskýrsla grænna skuldabréfa sem LS gefur út byggji ekki á réttum fjárhæðum hvað varðar lántökur og lánveitingar til grænna verkefna á árinu 2025 eins og lýst er á bls. 6 - 8 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa.

Grundvöllur fyrir niðurstöðum

Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingar, ISAE 3000 (revised) Assurance Engagements other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, sem gefinn var út af International Auditing and Assurance Standards Board (IAASB). Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum um Ábyrgð endurskoðanda. Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur ásamt alþjóðlegum stöðlum um óhæði, sem gefið hefur verið út af International Ethics Standards Board for Accountants (IESBA). KPMG hefur innleitt alþjóðlegan staðal um gæði, ISQM 1, sem inniheldur kröfur um að fyrirtækið hanni, innleiði og starfræki gæðastjórnunarkerfi, þ.m.t. stefnur eða verklagsreglur sem tryggja fylgni við siðareglur og aðrar gildandi reglur og lög. Við teljum að við höfum aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja niðurstöður okkar á.

Ábyrgð stjórnenda LS

Stjórnendur LS bera ábyrgð á framsetningu upplýsinga um útgáfu skuldabréfa og ráðstöfun þeirra til grænna verkefna á árinu 2025 í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa í samræmi við græna umgjörð LS sem birt er á heimasíðu sjóðsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur bera stjórnendur ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu, útreikninga og mat á upplýsingum um útgáfu skuldabréfa og ráðstöfun þeirra til grænna verkefna þannig að framsetning upplýsinga sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að:

- skipuleggja og framkvæma vinnu okkar þannig að takmörkuð víska fáist um hvort framvinduskýrsla um græn skuldabréf LS sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka,
- komast að óháðri niðurstöðu, byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað; og
- gefa út áritun með niðurstöðum til LS.

Samantekt á aðgerðum sem byggja undir niðurstöður

Við beittum faglegri dómgreind og viðhöfðum faglega gagnrýni við yfirferðina. Við skipulögðum aðgerðir til að afla nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja niðurstöður okkar á.

Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna Lánasjóðsins til að afla skilnings á ráðstöfun lánveitinga og rekja forsendur fyrir veittum lánum í samþykktu umgjörð Lánasjóðsins fyrir skilyrðum grænna lánveitinga.

Aðgerðum beitt við takmarkaða staðfestingu eru ólíkar hvað varðar eðli og tímasetningu vinnu og eru að auki umfangsminni, samanborið við staðfestingu sem felur í sér hæfilega vissu (e. reasonable assurance). Þar af leiðandi er stig staðfestingar sem fengin er með afmarkaðri staðfestingu verulega lægra en staðfesting sem felur í sér hæfilega vissu.

Reykjavík, 27. maí 2026

KPMG ehf.


Hrafnhildur Helgadóttir

Formáli

Lánasjóður sveitarfélaga hefur sett sér það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og ákvarðanatöku. Sjóðurinn hvetur sveitarfélög til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar með því að ráðast í verkefni sem milda loftslagsbreytingar og hafa jákvæð umhverfisáhrif. Helsta stjórnþæki Lánasjóðsins til að styðja við þessi markmið er að veita sveitarfélögum hagkvæma fjármögnun á umhverfisbætandi innviðaverkefnum í gegnum grænar lánveitingar.

Græn umgjörð Lánasjóðsins tekur á þeim verkefnum sem sveitarfélög bera ábyrgð á í grunnþjónustu, enda eru þau lykilaðilar þegar kemur að rekstri fráveitna, vatnsveitna og hitaveitna, sorphirðu og meðhöndlun úrgangs, auk hreinsunar á landi sveitarfélagsins. Á næstu árum má reikna með að sveitarfélögin standi frammi fyrir aukinni fjárþörf til innviðauppbýggingar til að mæta hertum lagalegum kröfum. Þar má sérstaklega nefna umfangsmiklar breytingar á lögum um úrgangsmál vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis (sem tóku gildi árið 2023), kröfur um hröð orkuskipti til að ná loftslagsmarkmiðum stjórnvalda, og strangari kröfur til hreinsunar fráveituvatns og náttúruverndar. Þá fela nýleg lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni í sér auknar kröfur til bæði fjármálafyrirtækja og stærri sveitarfélaga.

Græn vegferð Lánasjóðsins hófst árið 2019 þegar umhverfisstefna sjóðsins var samþykkt. Í framhaldinu var umgjörð um græn skuldabréf (e. Green Bond Framework) unnin í samstarfi við Landsbankann. Græna umgjörðin byggir á fjórum grunnstoðum og fylgir alþjóðlegum viðmiðum Alþjóðasamtaka á fjármagnsmörkuðum (International Capital Market Association, ICMA) um útgáfu grænna skuldabréfa (e. Green Bond Principles). Lánasjóðurinn hlaut vottun á umgjörðina frá alþjóðlega matsaðilanum Sustainalytics í október 2019.



Verkefni sveitarfélaga sem fjármögnuð verða með grænum skuldabréfum þurfa að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í umgjörðinni

Flokkunarkerfi sjálfbærra fjárfestinga

Í júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Lögin byggja á reglugerðum Evrópusambandsins (svokallaðri SFDR reglugerð og flokkunarreglugerðinni, e. EU Taxonomy). Flokkunarreglugerðin skilgreinir hvað telst vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi og setur fram tæknileg matsviðmið sem skera úr um að hvaða marki tiltekin verkefni teljast sjálfbær.

Meginstarfsemi Lánasjóðsins felst í lánveitingum til sveitarfélaga og stofnana í þeirra eigu. Sjóðurinn hefur flokkað allar grænar lánveitingar ársins í samræmi við ákvæði flokkunarreglugerðarinnar. Lagt var mat á þau verkefni sem lánað var til og þau felld undir viðeigandi flokka. Allar nýjar grænar lánveitingar á árinu féllu undir flokkinn framleiðsla á varma eða kælingu úr jarðvarmaorku (e. production of heat/cool from geothermal energy).

Hins vegar eru ríkar og flóknar gagnakröfur gerðar til verkefna svo þau teljist uppfylla skilyrði flokkunarkerfisins til fulls. Á þessum tímapunkti gat því enginn lántaki staðfest með fullnægjandi hætti að viðkomandi verkefni uppfyllti hin ítarlegu tæknilegu matsviðmið flokkunarreglugerðarinnar að öllu leyti.

Útgáfa grænna skuldabréfa

Eftirspurn á grænum lánveitingum hefur sveiflast á síðustu árum, enda ræðst hún af þeim fjárfestingarverkefnum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir hverju sinni. Ný græn útlán Lánasjóðsins á árinu 2025 námu 60 m.kr. Það er nokkur lækkun frá árinu 2024 þegar sjóðurinn veitti 120 m.kr. í grænar lánveitingar. Einn lántaki nýtti sér græna fjármögnun árið 2025, til samanburðar við tvo árið áður.

LSS 40 GB

Til að fjármagna grænar lánveitingar hefur Lánasjóðurinn gefið út græna skuldabréfaflokkinn LSS040440 GB. Flokkurinn er verðtryggður til 14 ára. Ekkert útboð var haldið í flokknum á árinu 2025, en síðasta útboð fór fram árið 2023 þar sem bréf voru seld fyrir samtals 2.075 m.kr. að markaðsvirði í tveimur útboðum (á ávöxtunarkröfunni 2,97% í fyrra útboðinu og 3,85% í því síðara).

Í upphafi árs 2025 nam óráðstafað andvirði þessa flokks um 476 m.kr. Á árinu var 60 m.kr. ráðstafað til grænna verkefna, sem nemur um 13% af lausu fjármagni flokksins. Óráðstafað fjármagn LSS 40 GB í lok árs 2025 nam því um 416 m.kr.

LSB 29 GB

Engin útboð voru haldin í skuldabréfaflokknum LSB 280829 GB á árinu 2025. Eina útboð flokksins fór fram árið 2021 þegar bréf voru seld fyrir 1.738 m.kr. að markaðsvirði á 4,20% ávöxtunarkröfu. Líkt og árið áður voru engin ný lán veitt úr flokknum á árinu 2025. Síðustu lánveitingar úr flokknum áttu sér stað árið 2022 þegar 410 m.kr. voru teknar að láni í tveimur aðskildum lántökum.

Óráðstafað fjármagn LSB 29 GB var 87 m.kr. í árslok 2025.

Aðrar grænar lánveitingar

Lánasjóðurinn býður lántakendum sínum einnig upp á þann valkost að fá græn lán á grundvelli lánsheimildar sjóðsins hjá Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB). Sú lántaka var sérstaklega ætluð til að fjármagna umhverfisbætandi verkefni sveitarfélaga sem falla undir grænu umgjörð sjóðsins. Samhliða lántökunni hjá CEB gerði Lánasjóðurinn afleiðusamninga til að verja rekstur sjóðsins gagnvart vaxta- og gjaldeyrisáhættu.

Engar grænar lánveitingar með ofangreindu fyrirkomulagi voru veittar á árinu 2025.

Fjármögnuð verkefni

Jarðvarmavirkjanir

Hitaveita – 60 m.kr.

Taxonomy flokkun: 4.22.

Ný borhola fyrir heitt vatn.

Borun lauk í desember 2025 og náði hún niður á rúmlega 800 metra dýpi.

Holan skilaði um 7 l/s af tæplega 80°C heitu vatni skv. afkastamælingum.

Fyrirhugað er að holan verði komin í nýtingu á haustmánuðum 2026.



Viðauki I

Útgreidd græn lán 2025

Lántaki	Lánsfjárhæð (m.kr.)	Tilgangur	Taxonomy flokkun	Lán uppfyllir tæknileg skilyrði Taxonomy reglugerðar
Kjósarveitur	60	Hitaveita - borhola	4.22.	Nei
Samtals	60			